

Ed.

447. Frumvarp til laga

[182. mál]

um listamannalaun.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Veita skal tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun eftir lögum þessum.

2. gr.

Sex mönnum skal veita 20 þús. kr. árslaun. Sameinað Alþingi ákveður með skriflegri atkvæðagreiðslu og umræðulaust, hverjir þessara launa skuli njóta.

3. gr.

Sex mönnum skal veita 15 þús. kr. árslaun, tólf mönnum 12 þús. kr. árslaun og tólf mönnum 8 þús. kr. árslaun. Menntamálaráðherra ákveður, hverjir þessara launa skuli njóta, eftir tilnefningu samkvæmt 4. gr.

Engum má veita laun eftir þessari grein, sem yngri er að árum en fertugur.

4. gr.

Heimspékideild háskólans, eða fimm menn, sem hún velur til, og menntamálaráð, hvor aðili í sínu lagi, skulu gera tillögur til ráðherra um það, hverjum veita skuli listamannalaun eftir 3. gr. Skal hvor aðili gera í fyrsta sinn tillögu um fulla tölu manna í hvern launaflokk. En síðan skal hvor aðili tilnefna tvo menn til hverra listamannalauna, sem laus verða til veitingar.

Sækja má um listamannalaun, einnig fyrir hönd annars manns. En tilnefna skal menn til launanna og veita þau án tillits til þess, hvort umsókn hefur komið fram eða eigi.

5. gr.

Meta skal þetta við veiting listamannalauna eftir 3. gr. og hafa hliðsjón af, að öðru jöfnu:

- a) hversu arðbær sú listgrein er almennt, sem maður leggur stund á,
- b) hvort maður gegnir föstu starfi og hversu vel launuðu,
- c) hvort maður hefur eftirlaunarétt,
- d) hvort maður hefur verulegar tekjur af eignum eða fjárafla utan sinnar listgreinar.

6. gr.

Veiting listamannalauna skal fylgja sami réttur og veiting embættis, eftir því sem við getur átt, en án aldurshámars og án eftirlauna til maka, enda greiðist ekki

lífeyrissjóðsgjald af listamannalaunum. — Ráðherra getur svipt mann listamannalaunum, sem veitt eru eftir 3. gr., ef maðurinn gerist sekur um afbrot eða mjög vítavert framferði.

7. gr.

Listamannalaun eftir 3. gr. skulu falla til veitingar á ný, ef svo verður:

- a) að maður hverfur úr landi, nema til þess sé að geta betur stundað list sína í íslenska þágu, og metur ráðherra það,
- b) að maður tekur við föstu starfi með árslaunum, sem svara VIII. launaflokki opinberra starfsmanna eða meira. — Þó má tilnefna mann til hinna sömu listamannalauna eða annarra og veita honum á ný.

8. gr.

Listamannalaun skal greiða hverju sinni með sömu uppbót eftir vísitölu og laun opinberra starfsmanna. Verði almenn hlutfallshækkun gerð á launum opinberra starfsmanna, skal fara eins um listamannalaun.

9. gr.

Veita skal, auk fastra listamannalauna, eigi minna en 650 þús. kr. á ári til úthlutunar handa þeim listamönnum, sem ekki njóta fastra listamannalauna. Um þetta fé gilda ákvæði 8. gr. um uppbót eftir vísitölu. Það fé, sem listamanni er veitt til utanfarar eða sem sérstök viðurkenning fyrir tilgreint listaverk, eitt eða fleiri, skal vera skattfrjálst.

10. gr.

Listamannafé, sem veitt er samkvæmt 9. gr. til úthlutunar árlega, skal úthlutað af þingkjörinni nefnd, eftir nánari ákvæðum í fjárlögum, en að fengnum tillögum menntamálaráðs og fimm manna nefndar, kosinnar af fulltrúaráði Bandalags íslenskra listamanna, og geri hvor aðili í sínu lagi rökstuddar tillögur til úthlutunarnefndar.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1958.

Greinargerð.

Veiting listamannalauna og skipting fjárins er orðið algert vandræðamál að öllu skipulagi; þetta sætir almennt og sívaxandi gagnrýni. Það mun mega segja með sannri, að í hópi listamanna sé enginn, sem uni þessu ástandi, þó að listamenn muni að sjálfsögðu telja höfuðmeinið, að fjárveitingin í heild sé of lág. En það má heita óumflýjanleg almenn nauðsyn að koma einhverju traustara skipulagi á þessi mál en nú er.

Sjálfst höfuðatriðið, sem í þessu frv. felst, er að lögfasta listamannalaun og lágmark þess fjár, sem til þeirra sé veitt, en láta ekki slíkt mál vera háð með öllu einfaldri samþykkt í fjárlögum hvert ár.

Flm. þessa frv. flutti á þingi 1956, fyrir beiðni stjórnar Rithöfundafélags Íslands og fleiri listamanna, frv., sem stefndi í sömu átt, en gekk skemmra. Það frv. náði ekki fram að ganga, og hafa ekki síðan verið hornar fram á Alþingi neinar tillögur um gagngera úrlausn þessara mála.

Í þetta frv. eru tekin upp ákvæði úr hinu fyrra frv. um föst laun ákveðinnar tölu listamanna (2. og 3. gr.). En í 9. gr. er algert nýmæli og mjög þýðingarmikið fyrir hina yngri listamenn, þar sem ætlazt er til, að sémileg fjárhæð sé tryggð þeim til árlegrar úthlutunar. Með ákvæðum 10. gr. er leitazt við að tryggja sem bezt má verða úthlutun þessa fjár, þannig, að sem flestar stoðir renni undir endanlega ákvörðun um hverja einstaka fjárveitingu.

Listamenn og félög þeirra krefjast meira fjár til úthlutunar. Þá hefur úthlutunarnefnd sífelldlega bent á þá erfiðleika að skipta svo litlu fé. Listamenn færa einkum þau rök fram, að listamannafé fari raunverulega silækkandi, dragist sífelld aftur úr í hlutfalli við aðrar fjárveitingar og aðrar menningargreinar. Mun verða gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.

Í greinargerð stjórnar Rithöfundafélags Íslands með frv. 1956 sagði á þessa leið: „Ekki þarf að vænta þess, að skipting listamannafjár verði með fullri eindrægni, hvornig sem að væri farið. En sú skipun, sem hér er lagt til að upp verði tekin, mundi efalaust miða til hins betra og setja niður að verulegu leyti óþarfar og árlegar erjur.“

Þessi ummæli eiga enn fyllilega við. En því meiri von er um góðan árangur af þessu frv., ef það gengi fram, að í því eru tekin upp veigamikil nýmæli í viðbót frá hinu fyrra frumvarpi.